



RANGÁRÞING YTRA

AÐALSKIPULAG 2010-2022

Umhverfisskýrsla







RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulag 2010-2022



STEINSHOLT®

Gísli Gíslason
Ásgeir Jónsson
Ingibjörg Sveinsdóttir

Mynd á forsiðu er af Fjallabaksvæðinu.





EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	7
1.1	Samantekt.....	7
1.2	Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunar.....	7
1.3	Áhersluþættir aðalskipulags.....	8
1.4	Meginmarkmið aðalskipulags.....	8
2	FORSENDUR.....	9
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir og alþjóðaskuldbindingar.....	9
2.2	Staðhættir og aðstæður.....	10
3	FRAMSETNING UMHVERFISSKÝRSLU.....	12
3.1	Stefnumið aðalskipulags.....	12
3.2	Umhverfisþættir og viðmið.....	12
3.3	Skilgreining á vægi áhrifa.....	14
4	MAT Á STEFNU AÐALSKIPULAGS.....	14
4.1	Byggð og samfélag.....	14
4.2	Atvinna.....	16
4.3	Grunnkerfi.....	22
4.4	Umhverfi.....	23
4.5	Byggðamynstur – Þéttbýli Hellu.....	23
5	VIÐAUKAR.....	24
5.1	Viðauki I – Viðmið og tenging skipulagsáætlunar.....	24
5.2	Viðauki II - Virkjanir í neðri hluta þjórsár.....	30
5.3	Viðauki III – Sorpstöð á Strönd.....	37





1 INNGANGUR

Sveitarfélagið Rangárþing ytra varð til við sameiningu þriggja sveitarfélaga vorið 2002. Því eru í gildi þrjú aðalskipulög fyrir gömlu sveitarfélögin, þ.e. fyrrum Holta- og Landsveit 2002-2014 og fyrrum Rangárvallahrepp 2002-2014 sem bæði voru staðfest 3. júlí 2003. Ennfremur aðalskipulag fyrrum Djúparhrepps 1998-2010, sem staðfest var 20. ágúst 1999. Fjöldi breytinga hefur verið gerður á þessum skipulagsáætlunum frá því að þær voru staðfestar.

Endurskoðun aðalskipulagsins er háð mati skv. 3. gr. laga nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, þar sem aðalskipulagsáætlunin markar stefnu sem varðar leyfisveitingu til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

1.1 SAMANTEKT

Hvert samfélag byggir á góðum samgöngum, öflugri þjónustu, styrku atvinnulífi og góðri aðstöðu til að sinna margvíslegum áhugamálum og afbreytingu. Stefnumið aðalskipulagsáætlunar miða að því að styrkja þessar undirstöður samfélagsins í sátt við sjálfbæra þróun.

Umhverfisskýrsla aðalskipulagsáætlunar er byggð á uppfærðum upplýsingum fyrri aðalskipulaga, ýmsum stefnumiðum tengdra áætlana sem tengd voru þeim áherslum sem fram komu á íbúafundum og hjá stýrihópi aðalskipulags. Helstu viðmið voru stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun ásamt ýmsum skuldbindingum sem stjórnvöld hafa gert.

Helstu breytingar við endurskoðun aðalskipulags samræmast stefnumiðum um sjálfbæra þróun og styðja við ýmsar alþjóða-skuldbindingar. Bættar samgöngur með breikkun á Suðurlandsvegi bætir öryggi almennings. Aukið framboð á svæðum fyrir léttan iðnað og ferðaþjónustu styrkir atvinnu og efnahagslíf. Bætt skipulag á hálendissvæðum mun vernda betur viðkvæm svæði samfara því að geta veitt betri þjónustu við þann aukna fjölda ferðamanna sem þangað sækir. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á Hellu, m.a. með nýju íbúðarsvæði á Bjargi, vestan ár og uppbyggingu framhaldsskóla.

1.2 YFIRLIT YFIR EFNI SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Markmið með gerð aðalskipulags er að skapa sameiginlega sýn stjórnvalda, íbúa og annarra hagsmunaaðila á þróun sveitarfélagsins. Aðalskipulag með sína stefnumörkun í einstökum málaflokkum, er notað til að gera framtíðarsýn að veruleika.

Meginmarkmið lýsa grundvallarsjónarmiðum, annarsvegar við setningu markmiða í einstökum meginmálaflokkum í skipulagsgreinargerð og hinsvegar við afmörkun svæða og staðsetningu mannvirkja. Að þessu leyti eru meginmarkmið nokkurs konar stefnuvísar í aðalskipulagsvinnunni og með þeim eru lagðar ákveðnar línur fyrir útfærslu aðalskipulagstillögunnar.

Umhverfisskýrsla aðalskipulags gerir grein fyrir þeim stefnumiðum sem áætlað er að komi til framkvæmda á skipulagstímabilinu og ekki eru þegar hafnar. Þessi stefnumið kunna að breytast á vinnslustigi tillögunnar og verði um verulegar breytingar að ræða verða þau stefnumið metin aftur á lokastigi vinnunnar.



1.3 ÁHERSLUÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS

Helstu áhersluþættir sem kalla á endurskoðun aðalskipulagsins eru eftirfarandi:

- Samræmd stefnumörkun um landnotkun fyrir allt sveitarfélagið.
- Ný stefnumörkun varðandi landbúnaðarsvæði.
- Ný stefnumörkun um íbúðar- og frístundabyggð í dreifbýli, en vaxandi ásókn hefur verið í byggingarland, sem keppir í sumum tilfellum við landbúnað.
- Ný stefnumörkun um samgöngur, einkum vegna aukinnar umferðar og umferðaröryggis í tengslum við breikkun Suðurlandsvegar og í tengslum við virkjanir í neðri hluta Þjórsár.
- Endurskoðun á reiðleiðum á svæðinu í samvinnu við Hestamannafélagið Geysi.
- Ný stefnumörkun um iðnaðarsvæði, sem m.a. miðar að orkunýtingu í héraði.
- Endurskoðun á vatnsverndarsvæðum í ljósi þarfagreiningar vatnsveitunnar og aukinnar ásóknar í byggingarland í dreifbýli.
- Endurskoðuð stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu og samgöngur á hálendinu
- Endurskoðuð stefnumörkun á landnotkun á Hellu.

1.4 MEGINMARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Markmiðum eru gerð skil í hverjum kafla fyrir sig en leiðarljós skipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf og gera búsetu á svæðinu eftirsóknaverða. Lögð er áhersla á eftirfarandi markmið:

- að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu.
- að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi.
- að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, jarðvarma og vatnsafls.
- að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda sem nýtist íbúum sem best.
- að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð til að stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggða og bættra tenginga við þjónustu og atvinnu.
- að stuðla að varðveislu sögu- og náttúruminja og annarra umhverfislegra gæða sem m.a. styrkir búsetuskilyrði og ferðaþjónustu á svæðinu.
- að standa vörð um vernd grunnvatns sem auðlindar, bæði sem neysluvatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- að stuðla að gróðurvernd á hálendinu og að öll landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- að standa vörð um að góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- að styrkja svæðið til fristunda og útivistar m.a. með því að tryggja nægt lóðaframboð til fristundastarfsemi og þjónustu á því sviði.
- að tryggja umhverfisvernd viðkvæmra svæða m.a. með bættu skipulagi.



2 FORSENDUR

2.1 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG ALÞJÓÐASKULDBINDINGAR

Við gerð umhverfisskýrslu var horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum m.a. til að unnt sé að taka afstöðu til þess hvort betur eigi við að fjalla um umhverfisáhrif á öðrum stigum, t.d. við gerð deiliskipulags síðar. Einnig verður horft til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á.

Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir eru:

Heiti áætlunar	Viðbrögð við stefnu í tengdum áætlunum
Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands til 2015	Um þann hluta svæðisskipulagsins sem er innan marka aðalskipulags Rangárþings Ytra gilda í meginráttum ákvæði svæðisskipulagsins.
Aðalskipulag Fyrrum Rangárvallahreppur Rangárþing ytra 2002-2014 Fyrrum Holta- og Landsveit Rangárþingi ytra 2002-2014 Aðalskipulag Djúpárhrepps 1998-2010	Aðalskipulag þessara sveitarfélaga er nú orðið hluti af stærra sveitarfélagi. Skilmálar eldri skipulaga falla niður og almenn stefna um landnotkun er endurskoðuð. Helstu breytingar frá fyrri stefnu eru m.a. tilgreindar í inngangskafli.
Aðalskipulag nærliggjandi sveitarfélaga Aðalskipulag Rangárþings eystra 2003-2015, staðfest 20.10. 2005 Aðalskipulag Ásahrepps 2002-2014, staðfest 4.7. 2003 Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014, staðfest 26.3. 2003 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, staðf. 6.4. 2006	Samræma þarf stefnu á milli sveitarfélaga á sviði samgangna, veitna, orkuvinnslu og verndar-svæða.
Deiliskipulag	Deiliskipulag hefur verið samþykkt fyrir fjölda svæða í Rangárþingi Ytra. Sérstaklega á það við um þau hverfi sem byggst hafa upp á seinni árum. Nýtt aðalskipulag getur eftir atvikum haft í för með sér að endurskoða þurfi deiliskipulag einstakra svæða eða að ný deiliskipulög verði gerð af einstökum svæðum.
Aðrar áætlanir Náttúruverndaráætlun 2004-2008	Skipulagsáætlunin er í samræmi við náttúruverndaráætlun.



Samgönguáætlun 2007-2018 Hekluslógar 2005	Lagt er til 2011-14 verði gerðar endurbætur á veginum við Hellu og 2015-18 verði hringvegur breikkaður. Áætlað að sá og/eða planta skógi í ríflega 60.000 ha svæði á ofanverðum Rangárvöllum og Land-sveit.
Alþjóðasamningar Ramsar samningur um votlendi, staðfestar síðari breytingar 1993 Bernarsamningur um villtar plöntur og dýr, staðfestur 1993 Samningur um líffræðilega fjölbreytni, - staðfestur 1992 Samningur um varnir gegn myndun eyðimarka, – staðfestur 1994 Rammasamningur um loftlagsbreytingar, – staðfestur 1993	Áætlun gerir ráð fyrir beitarstýringu og/eða friðun viðkvæms og illa farins lands. Áætlunin gerir ráð fyrir verndun svæða á ýmsum forsendum s.s. vegna votlendis, vatnsvernd, náttúrufars, jarðvegs- og gróðureyðingar. Gert er ráð fyrir svæði til skógræktar og uppgræðslu m.a. vegna bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi.

2.2 STADHÆTTIR OG AÐSTÆÐUR

Sveitarfélagið er láglent sunnan og vestan til en hækkar til landsins og afréttarsvæðin eru fjöllótt með Heklu og Torfajökul sem hæstu fjöll. Gróðursæld er á láglendi og má segja að það sé nær algróið graslendi og víða eru votlendissvæði. Þó sér ennþá stað þeim mikla uppblæstri lands er lék uppsveitir illa um og fyrir næstliðin aldamót. Inn á afrétti eru stór lítt gróin svæði sem bera merki mikils uppblásturs og nálægðar við eldfjöll.

Verndarsvæði innan sveitarfélags eru Oddaflóð, Safamýri og Lambhagavatn auk þess sem stærsti hluti afréttar er einhvers konar verndarsvæði, m.a. Friðland að Fjallabaki og Veidivatnasvæðið. Fjölmörg svæði njóta hverfisverndar og stór vatnsverndarsvæði eru í Hekluhraunum, Merkurhrauni og ofan Tjörvastaða.

Íbúar byggja nokkuð jafnt dreifbýli og þéttbýli, um 800 eru á Hellu og um 800 eru í dreifbýli, þ.m.t. í kjörnum eins og í Þykkvabæ, Laugalandi, Rauðalæk og Gunnarsholti. Fjölgun í sveitarfélaginu hefur fyrst og fremst verið á Hellu en dreifbýlið hefur staðið nokkuð í stað. Fjölgun í sveitarfélaginu hefur verið svipuð og á Suðurlandi, rúmlega 1% á ári.

Veðurfar er fremur milt og aðstæður til landbúnaðar eru með ágætasta móti á láglendari svæðum, enda er það öflugasta atvinnugreinin á svæðinu. Garðrækt, aðallega kartöflur eru öflugur atvinnuvegur og almennt er matvælaframleiðsla sterk innan sveitarfélagsins. Þá vex ásókn í afþreyingu ýmiss konar en mikið hefur verið í boði hvað slíkt varðar, mörg svæði skipulögð til frístundabyggðar, hestamennska vex hröðum skrefum og þá bæði sem áhugamál og atvinnugrein, auk þess sem veiðar, aðallega lax- og silungsveiðar aukast árlega.



Jarðskjálftar eru ekki tíðir en geta orðið stórir, svonefndir Suðurlandsskjálftar. Þá eru virkar eldstöðvar á svæðinu og Hekla er sú sem oftast lætur á sér kræla. Einnig kann að vera hætta á hamfarahlaupum í tengslum við Kötlugos, þ.e. ef hlaup þaðan kemur niður Markarfljót þá kunna lágsveitir á Bakkabæjum, Þykkvabæ og Háfshverfi að skaðast.



3 FRAMSETNING UMHVERFISSKÝRSLU

Megintilgangur umhverfisskýrslu aðalskipulags er að rökstyðja þá stefnu sveitarstjórnar sem fram kemur í aðalskipulagi, þar sem um verulegar breytingar er að ræða frá gildandi skipulagi. Lög um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana 105/2006 og skipulags- og byggingarlög 73/1997 gera ráð fyrir að lagt skuli mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða og ráðgerðra framkvæmda í skipulagsáætlunum. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum ber að gera grein fyrir umhverfisáhrifum aðalskipulags og einstakra stefnumiða aðalskipulags, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horfa skal á hvaða stefnumið það eru sem vert þykir að meta m.t.t. til umhverfisáhrifa en þá eru þau atriði tekin sem talin hafa mest áhrif á umhverfið eða önnur stefnumið þar sem óbein áhrif eða samlegðaráhrif með öðrum stefnumiðum geta haft veruleg áhrif á umhverfið. Ákveða þarf hvaða umhverfisþættir eru notaðir og var leiðbeiningarskjal Skipulagsstofnunar (Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana heildardrög 2) haft til hliðsjónar um val á umhverfisþáttum sem og hvaða viðmið voru lögð til grundvallar á umhverfismati skipulagsáætlunarinnar.

Sett er fram í umhverfisskýrslu þau stefnumið sem fram koma í aðalskipulagi Rangárþings Ytra og hafa umtalsverðar breytingar í för með sér frá gildandi skipulagi.

3.1 STEFNUMIÐ AÐALSKIPULAGS

Stefna Aðalskipulags Rangárþings Ytra er hér tekin saman í eftirfarandi málaflokkum:

- Byggð og samfélag þar sem fjallað er um landnotkun sem sýnir íbúðarbyggð, frístundabyggð, landbúnaðarsvæði, þjónustustofnanir og opin svæði til sérstakra nota.
- Atvinna, þar sem fjallað er um þá landnotkun sem sýnir iðnaðarsvæði, athafnasvæði, efnistökusvæði sorpförgun, miðsvæði ásamt verzlunar og þjónustusvæði.
- Grunnkerfi, þar sem fjallað er um samgöngur og veitur, með eftirfarandi landnotkunarflokkum; vegir, gönguleiðir, reiðleiðir, vatnsveita, hitaveita, fráveita, rafveita og fjarskipti.
- Umhverfi þar sem fjallað er um veðurfar, náttúrufar og landslag og náttúruvernd með eftirfarandi landnotkunarflokkum; óbyggð svæði, vötn, ár og sjór, náttúruverndarsvæði, hverfisverndarsvæði þ.m.t. vatnsverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði og svæði undir náttúruvá.
- Byggðamynstur þar sem fjallað er um ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar á Hellu.

Í umhverfisskýrslu er lagt mat á þau umhverfisáhrif sem verða af stefnu aðalskipulagsins í ofangreindum málaflokkum, þar sem gert er ráð fyrir talsverðum breytingum frá núverandi skipulagi. Ef í ljós kemur að ákveðnir þættir séu taldir líklegri en aðrir til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif verður þeim gerð ítarlegri skil t.a.m. með skoðun á mismunandi valkostum.

3.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem talinn er geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem mótuð er í aðalskipulaginu. Vinsun þessara áhrifaþátta er hefðbundin aðferð til að greina þá þætti sem mestu skipta. Eftirfarandi eru umhverfisþættir sem tekið verður tillit til við mat aðalskipulagsins og taldir eru geta orðið fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd stefnu þess.



- Hagrænir og félagslegir þættir. Horft er til hvaða áhrif stefna sveitarfélagsins hefur á efnahag og atvinnulíf svæðisins sem heildar. Hvaða áhrif stefnan muni hafa á þróun fólksfjölda og félagslegt umhverfi íbúa og þar með áhrif á byggð á svæðinu.
- Náttúrufarslegir. Hvaða áhrif hefur stefna skipulagsins á landslag og jarðmyndanir, gróðurfar, dýra- og vatnalíf. Þá er horft til hvaða áhrif stefnan muni hafa til langs tíma á umhverfisþætti s.s. kolefnisbúskap, breytingu á vatnsbúskap í jarðvegi eða á veðurfar.
- Heilsa og öryggi. Horft til hljóðvistar, mengunar í loft eða vatni og annað það sem áhrif getur haft á heilsufar íbúa. Þá er horft til möguleika til útivistar sem bæti heilsufar og stefna sveitarfélagsins metin á umferðaöryggi vegfarenda. Einnig er horft til öryggis samfélagsins, s.s. til náttúruhamfara, möguleika á þeim og viðbragðs-áætlana.
- Náttúru- og menningarminjar. Skoðað hvaða áhrif stefna sveitarfélagsins hefur á friðlýstar fornminjar sem og á náttúru- og söguminjar.

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við þá mælikvarða sem umhverfisáhrif stefnumiða aðalskipulagsins eru borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg. Eftir nokkra skoðun mismunandi nálgana að umhverfismatinu m.t.t. skilgreiningar umhverfisþátta og umhverfisverndarmarkmiða, varð niðurstaðan sú að meta umhverfisáhrif aðalskipulagsins gagnvart stefnu stjórnvalda á landsvísu um sjálfbæra þróun eins og hún hefur verið sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.“

Stefnumörkun um sjálfbæra þróun var samþykkt í ríkisstjórn árið 2002. Í ritinu Velferð til framtíðar (áherslur 2006-2009) kemur fram endurskoðuð stefnumörkun stjórnvalda og þar er markmiðum og leiðum að þeim lýst varðandi:

- I. Heilbriggt og öruggt umhverfi.
- II. Vernd náttúru Íslands.
- III. Sjálfbær nýting auðlinda.
- IV. Hnatræn viðfangsefni.

Nánari grein er gerð fyrir viðmiðum og tengingum skipulagsins við þau í Viðauka I.

Skoðað verður hvort stefna aðalskipulagsins hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á þessa umhverfisþætti samanborið við núverandi stöðu í sveitarfélaginu.



3.3 SKILGREINING Á VÆGI ÁHRIFA

Áhrif stefnu aðalskipulags á einstaka þætti umhverfisins er metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau séu talin jákvæð eða neikvæð. Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar eru notaðar við flokkun, vægi og viðmið einstakra þátta umhverfisins. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan:

+	Stefna aðalskipulags hefur jákvæð áhrif
0	Stefna aðalskipulags hefur óveruleg áhrif
-	Stefna aðalskipulags hefur neikvæð áhrif
?	Stefna aðalskipulags hefur óviss áhrif

Tafla 1. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar.

Umhverfismatið er sett fram í töflum þar sem áhrifin eru metin m.t.t. til umhverfispáttá og útskýring er á niðurstöðunum í texta.

4 MAT Á STEFNU AÐALSKIPULAGS

Einstök stefnumið aðalskipulags voru valin með tilliti til þess hvar þau hefðu mest áhrif á umhverfið og áhrif þeirra borin saman við óbreytt ástand, þ.e. núll kost. Bornir eru saman mismunandi kostir þar sem það á við.

Virkjanir í neðri hluta Þjórsár eru inná gildandi skipulagi en útfærslu þeirra hefur verið breytt lítillega.

4.1 BYGGÐ OG SAMFÉLAG

Landnotkunarflokkar fyrir íbúðarbyggð, frístundabyggð, landbúnaðarsvæði, þjónustustofnanir og opin svæði til sérstakra nota eru tekin saman undir byggð og samfélag. Ekki er um verulegar breytingar að ræða frá gildandi skipulagi. Áfram er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og kveðið er á um að standa vörð um gott ræktunarland þannig að það muni áfram nýtast til landbúnaðarframleiðslu. Þá eru settir skilmálar varðandi stærðir lóða til íbúðarhúsa og frístundahúsa. Gert verður ráð fyrir þremur nýjum svæðum til sérstakra nota; akstursíþróttasvæði í Þykkvabæjarfjöru, skógræktarsvæði og skotæfingasvæði á Geitasandi.

4.1.1 Opin svæði til sérstakra nota / landbúnaðarsvæði

Svæðið í Þykkvabæjarfjöru er fjörusandur, ógróið og er um 185 ha að stærð. Aðkoma verður um Þykkvabæ. Áætlað er allt að 100 ha skotæfingasvæði á Geitasandi og verður aðkoma að svæðinu af Keldnavegi. Svæðið er á blásnu svæði og er lítið gróið. Þá verður tekið allt að 200 ha svæði á Geitasandi til skógræktar með það að markmiði að binda kolefni í skógi og jarðvegi. Áætlað er að svæðið verði opið almenningi til útivistar. Svæðið er blásið en hefur verið í hægri uppgræðslu umliðin ár. Þá er markmið með verkefninu Hekluslógar að endurheimta skóglendi við Heklu m.a. til þess að takmarka hættu af foki vikurs og sands. Mörk svæðis eru sýnd á þemakorti I sem sýnir einnig landgræðsusvæði en Hekluslógsvæðið verður að hluta



til áfram í landbúnaðarnotum. En almennt skerðast landbúnaðarsvæði en flest þessara svæða eru utan þess svæðis sem telst gott ræktunarland sbr. þemakort IV.

VALKOSTIR	Opin svæði til sérstakra nota			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningarminjar
Kolviður skógrækt til kolefnisbindingar	Fjölgun svæða til útivistar styrkir byggð á svæðinu. Lítt gróið land verður skógi vaxið og þar með eykst verðgildi þess.	Skógur styrkir gróðurfar og bætir ásýnd lands.gur bætir r verulega gr opið almenningi til ssss Skógur takmarkar útsýni.	Kolefnisbinding bætir umhverfið til lengri tíma lítið. Skógrækt bætir vatnsmiðlun og heftir fok.	Engar þekktar náttúru- eða menningarminjar eru á svæðinu.
Hekluskógar endurheimt skóga í nágrenni Heklu	Lítt gróið land verður skógi vaxið og þar með eykst verðgildi þess. Markmið verkefnisins er að bæta skilyrði til búsetu á svæðinu.	Aukin skógur eykur gróðurmagn á svæðinu og veitir skjól til fjölbreyttari flóru en nú er. Skógur takmarkar útsýni.	Aukin gróður bætir almennt loftgæði og jafnvel veðurfar og hefur þannig áhrif á heilsu og öryggi. Markmið með verkefninu er að takmarka áhrif sand- og vikurfoks.	Ekki skal plantað nær menningarminjum en 20m sem þá veitir fornminjum skjól gegn foki og uppblæstri. Skógur sáir sér út og mun því síðar vaxa í og við fornminjar.
Skotæfingasvæði	Bættir möguleikar til tómstunda styrkja byggð á svæðinu.	Manir og byggingar hafa sjónræn áhrif.	Útivist bætir heilsu. Skotæfingar á skipulögðum svæðum auka öryggi notenda. Hávaðamengun frá skotvopnum. Aukin umferð um Keldnaveg.	Engar þekktar náttúru- eða menningarminjar eru á svæðinu.
Akstursípróttasvæði	Fjölbreyttari möguleikar til tómstunda styrkja byggð á svæðinu. Fjölbreyttari tómstundamöguleikar kunna að styrkja ferðaþjónustu.	Sjónræn áhrif.	Akstur á skipulögðum svæðum eykur öryggi notenda. Hávaðamengun frá farartækjum. Aukin umferð um Þykkvabæjarveg.	Engar þekktar náttúru- eða menningarminjar eru á svæðinu.
Óbreytt skipulag	Minni fjölbreytni til útivistar dregur úr áhuga einstaklinga til að búa á svæðinu.	Minni skógur – betra útsýni. Minni uppgræðsla – minni gróður.	Minni fjölbreytni í útivistarmöguleikum. Aukið kolefni í andrúmslofti kann að skerða lífsgæði til lengri tíma.	Engin áhrif.



4.1.2. Samantekt / niðurstaða

Litlar breytingar eru frá gildandi aðalskipulagi hvað varðar Byggð og samfélag en þau markmið sem helst breyta stefnumiðum frá núverandi landnotkun eru:

1. Stefnt er að eflingu skógræktar á svæðinu til, útivistar, skjóls og landbóta, m.a. með verkefninu Hekluskógar og með Kolviði sem er verkefni sem ætlað er að binda kolefni í skógi og jarðvegi.
2. Stefnt er að fjölgun opinna svæða í sveitarfélaginu til útivistar og tómsunda, m.a. akstursíþróttasvæði og skotæfinga-svæði.

STEFNUMIÐ	BYGGÐ OG SAMFÉLAG – Umhverfisþættir					
	Hagrænir og félags- legir	Náttúrufars- legir		Heilsa og öryggi		Náttúru- og menningarminjar
Efling skógræktar m.a. til kolefnisbindingar	+	+	-	+	-	0 + -
Fjölgun opinna svæða til tómsundaiðkunar	+	-		+	-	0

Efling skógræktar mun styrkja jaðarsvæði, sérstaklega uppsveitirnar þar sem land hentar síður til þaulræktunar. Almenn bætir skógrækt umhverfi sitt til lengri tíma lítið m.a. hvað varðar loftgæði, vatnsmiðlun og jafnvel veðurfar auk þess sem skógrækt styrkir gróðurþekju svæðisins. Þá styrkir skógrækt á rýrum svæðum alþjóðaskuldbindingar varðandi bindingu kolefnis sem og varnir gegn eyðimerkurmyndun og styður þannig við stefnu stjórnvalda um hnattæran viðfangsefni. Huga þarf að fornminjum og að einhverju leyti náttúruminum þegar skógur fer að breiðast út á Hekluskógasvæðinu en stefnt er að því að skráningu fornminja verði lokið árið 2014 og tryggja þarf að skógur fari ekki að óathuguðu máli yfir fornminjar.

Efling starfsemi á sviði útivistar og tómsundaiðkunar bætir möguleika ferðaþjónustu á fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðafólk og samhliða styrkir það byggð á svæðinu þar sem aukin fjölbreytni gerir sveitarfélagið eftirsóknaverðara til búsetu. Útivist á skipulögðum svæðum bætir auk þess öryggi þeirra sem það stunda.

4.2 ATVINNA

Fjallað er um landnotkun sem snýr að iðnaði, athafnasvæði, efnistökusvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum ásamt sorpurðunarsvæðum. Helstu breytingar frá gildandi skipulagi eru stækkun sorpurðunarsvæðis við Strönd og ný iðnaðarsvæði við Gunnarsholt, Strönd og á Geitasandi. Vegna umfangs framkvæmda við virkjanir í neðri hluta Þjórsár verður gerð grein fyrir þeim og helstu breytingum á útfærslu þeirra frá gerð umhverfismats árið 2003.

4.2.1 Iðnaðarsvæði virkjana

Áfram er gert ráð fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Unnið var umhverfismat fyrir Urriðafossvirkjun annars vegar og Hvamms- og Holtavirkjun hins vegar. Almenna verkfræðistofan vann matið árið 2003. Útfærsla framkvæmda hefur breyst og aðallega í þá átt að draga úr áhrifum framkvæmda en þær breytingar eru ekki það mikla að þær breyti stefnu gildandi aðalskipulags



sveitarfélagsins. Lón virkjana eru lítil, m.t.t. stærðar virkjunar enda nýta virkjanirnar vatnsmiðlun þá sem er í uppistöðulónum virkjana inn á afrétti og því er inntakslón eina vatnsmiðlun virkjunarinnar. Þá eru einnig samleggðaráhrif vegna rafliða en gert er ráð fyrir að virkjanirnar tengist inn á nálægt flutningskerfi þannig að ekki er þörf á nýjum línulögnum vegnar þessara virkjana. Í úrskurði Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats kemur fram að framkvæmdaaðili vakti öldurof í lónbökkum og gripi til mótvægisáðgerða gerist þess þörf. Þá mun verða vöktun á lífríki og breytinga á því í tengslum við virkjanir og gripið til mótvægisáðgerða, gerist þess þörf. Gerð verður nánari grein fyrir vöktunaráætlunum vegna öldurofs og vegna lífríkis Þjórsár í deiliskipulagi og eftir atvikum í framkvæmdaleyfisgögnum. Þar verður einnig gerð grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem gerðar verða vegna djúpra frárennisskurða og vegna hættu sem kann að skapast vegna skyndilegrar rennislisaukningar. Þá er framkvæmdaaðila gert að fyrirbyggja fok af sand- og aurasvæðum sem verða til vegna framkvæmdanna. Í viðauka II er gerð grein fyrir matinu og úrskurði Skipulagsstofnunar og Umhverfisráðherra að loknu kærufarli matsins.

Urriðafossvirkjun

Virkjunin sjálf og stærsti hluti lónsins er utan sveitarfélags þannig að einungis hluti lóns fer um land sveitarfélagsins. Í umhverfismati var gert ráð fyrir lónhæð upp á 50 eða 51 m en lónhæðin mun verða 50 m. Lónið er eftir sem áður að mestu í farvegi Þjórsár. Aðrar breytingar á tilhögun virkjunar frá umhverfismati snerta ekki sveitarfélagið.

Hvamms- og Holtavirkjun

Við mat á virkjunum var annars vegar gert ráð fyrir virkjun við Núp í einu þrepi eða virkja Þjórsá í tveim þrepum, við Akbraut í Holtum og við Hvamm í Landsveit.

Ákveðið er að virkja í tveim þrepum og gerðar hafa verið nokkrar breytingar á tilhögun virkjana frá umhverfismati.

Holtavirkjun; Lónhæð Árnslóns verður 71 m.y.s og flatarmál 4,9 km² eins og gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi. Þá mun virkjunin tengjast inn á Búrellslínu 1 um jarðstreg sem lagður verður í tengivirki við Hvammsvirkjun. Jafnframt er gert ráð fyrir tengingu frá Holtavirkjun með stuttum 66 kV jarðsteng inná Hellulínu 1. Frárennisskurður lengist um 1200 m niður farveginn og einnig mun hann dýpka frá því sem gert var ráð fyrir. Haugsetningarsvæði munu þó ekki stækka frá því sem ráðgert var í mati. Stærð svæða undir vinnubúðir hefur færst til í samráði við landeigendur og minnkar frá því sem var gert ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar muni draga úr umhverfisáhrifum virkjunar frá því sem áætlað var í umhverfismati.

Hvammsvirkjun; Minni háttar breytingar verða gerðar á legu stíflumannvirkja og mun flatarmál Hagalóns minnka úr 4,7 km² í 4,0 km² en lónhæð verður áfram 116 m.y.s. Lega og lengd frárennslis mun lítið breytast, jarðgöng verða um 1200 m og opinn skurður um 1500 m. Staðsetning tengivirkis og jarðstrengs breytist lítillega og áfram er gert ráð fyrr að Holtavirkjun nýti sama tengivirkið inn á Búrfellslínu 1. Námusvæði hafa breyst lítillega, grjótnáma við Búrfellslínu færist til norðurs og malar- og sandnáma við Hagaey stækka lítillega, auk þess sem ný náma verður við Vaðeyri sem síðar hverfur undir lón. Haugsetningarsvæði minnka talsvert frá því sem áætlað var í mati. Þá verður lagður 4,6 km langur vegur frá Hvammi að stöðvarhúsum, og verður endanleg lega unnin í samráði við landeigendur, sem nýttur verður í tengslum við virkjunina og svæði undir vinnubúðir hefur verið skipt upp og færist nær framkvæmdasvæðinu en stærð þess er svipuð og áætlað var í mati.

Í tengslum við virkjanirnar verður lagður vegur milli Landvegar og Þjórsárdalsvegar sem nýtast mun til almennra nota og mun sá vegur tengja uppsveitir Árnés- og Rangárþings.



VALKOSTIR	Iðnaðarsvæði - virkjanir í Þjórsá			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúruvafarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningarmínjar
Lón Urriðafossvirkjunar	Engin áhrif.	Áhrif á fiskgengd í Þjórsá – fiskstigi á að tryggja uppgöngu. Gróður skerðist en lón er nær eingöngu í farvegi.	Engin áhrif.	Engin áhrif.
Hvams- og Holtavirkjanir	Styrkir byggð og tekjumöguleika á byggingatíma og tekjugrunn sveitarfélags. Bættar samgöngur styrkja byggð og bæta atvinnumöguleika beggja vegna Þjórsár. Jákvæð áhrif á ferðaþjónustu vegna bættra samgangna.	Áætlað að góð uppeldisskilyrði verði í lónum, sérstaklega Hagalóni.	Nýr vegur yfir Þjórsá sem áætlaður er samfara virkjun, styttir vegalegndir milli uppsveita og léttir umferð á núverandi leið.	Fornleifar, sumar hverfa en aðrar spillast. Ekki er um að ræða mínjar sem metnar eru með hátt minjagildi.
	Lón og framkvæmdir skerða landbúnaðarland.	Lón og framkvæmdir skerða gróður á svæðinu. Áhrif á fiskgegnd sérstaklega seiðagöngur. Sjónræn áhrif talsverð.	Hætta vegna flóða og skyndilegrar rennslisaukningar í farvegum. Hætta vegna djúpra frárennisskurða.	
Engar virkjanir	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.

**4.2.2 Iðnaðarsvæði**

Iðnaðarsvæði stækka nokkuð frá gildandi aðalskipulagi. Núverandi svæði á Hellu stækka lítillega frá því sem nú er og ný svæði eru við Gunnarsholt, á Strönd og Geitasandi. Svæðin við Gunnarsholt, 14 ha og á Strönd, 30 ha verða fyrir léttan iðnað s.s. vörugeymslur, lagersvæði, gagnaver, samsetningariðnað eða annað það sem hefur litla mengun í för með sér. Á Geitasandi er gert ráð fyrir þaueldi alifugla á um 5 ha svæði.

VALKOSTIR	Iðnaðarsvæði			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufrarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
Gunnarsholt	Styrkir Gunnarsholtssvæðið og jafnframt sveitarfélagið. Styrkir byggð og tekjumöguleika í sveitarfélagi og nágrennanbyggðum. Eykur fjölbreytni í atvinnulífi.	Skerðir gott landbúnaðarsvæði sem þessu nemur. Sjónræn áhrif kunna að verða einhver frá Keldnavegi og Heklubraut og hafa áhrif á upplifun ferðamanna.	Aukin umferð starfsmanna og flutninga kunna að draga út umferðaöryggi.	Engar þekktar náttúru- eða menningarmínjar eru á því svæði sem um ræðir.
Strönd	Styrkir byggð og tekjumöguleika í sveitarfélagi og nágrennanbyggðum. Styrkir atvinnumöguleika í sveitarfélaginu. Eykur fjölbreytni í atvinnulífi.	Svæði í landbúnaðarotkun minnka sem þessu nemur, svæðið var blásið og er í hægri uppgræðslu. Sjónræn áhrif kunna að verða einhver frá Suðurlandsvegi og hafa áhrif á upplifun ferðamanna.	Aukin umferð starfsmanna og flutninga kunna að draga úr umferðaöryggi.	Engar þekktar náttúru- eða menningarmínjar eru á því svæði sem um ræðir.
Geitasandur	Styrkir atvinnulíf á svæðinu og héraðið sem matvælaframleiðslu-svæði. Styrkir byggð og tekjumöguleika í sveitarfélagi og nágrennanbyggðum.	Úrgangi verður dreift á aðlægt svæði til uppgræðslu þeirra. Sjónræn áhrif af byggingum.	Mengun kann að berast með úrgangi frá búinu. Lykt kann að berast frá búinu.	Engar þekktar náttúru- eða menningarmínjar eru á því svæði sem um ræðir.
Engin ný iðnaðarsvæði	Óbreytt staða takmarkar möguleika á eflingu atvinnulífs. Minni fjölbreytni í atvinnulífi.	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.



4.2.3. Sorpurðun

Sorpurðunarsvæðið við Strönd verður um 28 ha að stærð og stækkar um rúma 18 ha en sorp hefur verið urðað við Strönd síðan 1993. Stækkun svæðisins fór í mat á umhverfisáhrifum og vann Hönnun matsskýrslu sem lokið var við 2006. Starfsleyfi stöðvarinnar gildir til ársins 2018. Skipulagsstofnun veitti álit sit á matskýrslunni, dagsett 18. janúar 2007 og er niðurstaðan sýnd í Viðauka III. Sorpstöðin er bygðasamlag Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Ásabrepps. Sorpstöðin sér um alla meðhöndlun og förgun úrangs á starfsvæðinu. Heimilissorp, málmar, hjólbarðar eitur- og spilliefni eru flutt annað til meðhöndlunar en á Strönd er urðaður ýmis úrgangur, aðallega sláturúrgangur, byggingaúrgangur og annar óvirkur úrgangur.

VALKOSTIR	Sorpurðun			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningarmínjar
Stækkun urðunarsvæðis	Stytti flutningsleiðir styrkja efnahag. Atvinna skapast við rekstur svæðisins.	Sjónræn áhrif á vinnslutíma Jarðrask á grónu landi á vinnslutíma.	Stytti flutningsleiðir sorps og vandaður frágangur bætir umhverfið. Ásókn meindýra í sorp eykur mengunarhættu.	Engar þekktar náttúru- eða menningarmínjar eru á svæðinu.
Engin stækkun	Aukin flutningskostnaður á sorpi.		Minni hættu á mengun frá sorpi. Aukin umferð skapar aukna hættu.	Engin áhrif.

4.2.4. Samantekt / Niðurstaða

1. Virkjanir í Þjórsá eru í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og er áfram gert ráð fyrir þeim í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Um er að ræða Urriðafossvirkjun (efri hluta lóns), Holta- og Hvammsvirkjun (lón og mannvirki). Þessar virkjanir hafa farið í mat á umhverfisáhrifum og standa þeir skilmálar og úrskurðarorð sem fram komu hjá Skipulagsstofnun og Umhverfissráðneyti (sjá nánar viðauka II). Helstu breytingar frá upprunalegum áætlunum eru dregin saman hér að ofan og skv. þeim hefur verið heldur verið dregið úr umfangi framkvæmda, framkvæmdum þjappað á minna svæði og lónhæð verið lækkuð í lóni við Urriðafoss.
2. Unnið verður að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu. Áætlað er að stækka iðnaðarsvæði á Hellu og einnig eru áætluð 3 ný iðnaðarsvæði í dreifbýli og eru þau ætluð fyrir léttan iðnað til að nýta þá orku sem til verður á svæðinu.
3. Stækkun urðunarsvæðis við Strönd hefur farið í mat á Umhverfisáhrifum, álit skipulagsstofnunar má sjá í viðauka III.



STEFNUMÍÐ	ATVINNUSVÆÐI – Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningarminjar
Virkjanir í Þjórsá	+	-	+ -	-
Uppbygging iðnaðarsvæða fyrir léttan iðnað	+	-	-	0
Stækkun sorpurðunarsvæðis við Strönd	+	-	+ -	0

Virkjanir í neðri hluta Þjórsá hafa mikil áhrif á landnotkun við Þjórsá. Sveitarstjórn telur að með framkvæmdamati og úrskurði Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra (sjá Viðauka II) sé búið að fjalla um þau áhrif á fullnægjandi hátt. Framkvæmdin mun hafa jákvæð áhrif á atvinnuþróun og efnahag á svæðinu meðan á framkvæmdum stendur. Virkjunin hefur ekki veruleg áhrif á landbúnað og mótvægisáðgerðir framkvæmdaaðila eiga að tryggja að veiðihlunnindi munu ekki verða lakari að framkvæmdum loknum. Verkefnið styrkir tekjugrunn sveitarfélagsins til lengri tíma og eykur möguleika á atvinnuuppbyggingu tengdri orkunýtingu í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið er í samstarfi við sveitarfélög við Þjórsá um uppbyggingu atvinnu í tengslum við orkuvinnslu á svæðinu og stefnt er að uppbyggingu innan þess atvinnusvæðis sem eykur atvinnuþróun og möguleika íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn telur að mótvægisáðgerðir taki á fullnægjandi hátt á þeim annmörkum sem óhjákvæmilega fylgja svo stórum framkvæmdum. Þá munu vegaframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í tengslum við virkjanir styrkja byggð, ferðaþjónustu og annað atvinnulíf, auk þess sem það bætur öryggi íbúa uppsveitanna með fjölgun akfærra leiða yfir Þjórsá.

Iðnaðarsvæði fyrir léttan iðnað munu styrkja atvinnulíf á svæðinu og auka á fjölbreytni þess. Iðnaður í nágrenni við virkjanir í Þjórsá kann að draga úr þörf fyrir langar háspennulínur, sem aftur dregur úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.

Framkvæmdir breyta iðulega ásýnd lands og kunna að hafa neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufarslega þætti. Í lögum um umhverfismat áætlana er gert ráð fyrir að umhverfisþættir, sem taldir eru verða fyrir verulegum áhrifum við framfylgd áætlunar, séu undir reglulegu eftirliti, m.a. til að hægt sé grípa til viðeigandi ráðstafana gangi áætlanir um mótvægisáðgerðir ekki eftir. Gerð verður nánari grein fyrir mótvægisáðgerðum og vöktun umhverfisþátta í deiliskipulagi og eftir atvikum við veitingu framkvæmdaleyfis og þá verður tekin afstaða til mótvægisáðgerða og hvort þær séu fullnægjandi. Framkvæmdaaðili ber ábyrgð á framkvæmd mótvægisáðgerða og vöktun umhverfisþátta.



4.3 GRUNNKERFI

Fjallað er um landnotkunarflokka sem tengjast samgöngum og fjarskiptum. Um er að ræða vegi, göngu- og reiðleiðir, vatnsveita, hitaveita, fráveita, rafveita og fjarskipti. Almennir verður ekki um miklar breytingar að ræða frá núverandi stöðu en þær helstu snúa að þjóðvegi 1.

4.3.1 Samgöngur

1. Áformað er að breikka Suðurlandsveg í gegn um sveitarfélagið þannig að hann verði að jafnaði 2+1 vegur með aðgreindum akstursstefnum. Samhliða því verður tengingum inn á veginn fækkað og þær verða einungis á svonefndum skiptisvæðum.
2. Skoðaðir voru möguleikar á að flytja Suðurlandsveg á tæplega 5 km kafla frá Brekkum að Hellu. Vegurinn myndi flytjast út fyrir byggðakjarna á Rauðalæk og Lyngás, en þar skapast mikil hættu vegna hraðrar og mikillar umferðar í gegn. Núverandi vegur myndi þá nýttast sem tengivegur.

VALKOSTIR	Suðurlandsvegur			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
Breikkun Suðurlandsvegur	Greiðari umferð skilar sér í styttri ferðatíma. Greiðari umferð styrkir atvinnulíf og ferðaþjónustu. Samhliða styrkja greiðari samgöngur byggð á svæðinu.	Gott landbúnaðarland fer undir veg við breikkun vegarins. Hliðarvegir lengjast vegna fækkunar á tengingum og mun gott ræktunarland fara undir vegi.	Eykur umferðaöryggi að aðskilja akstursstefnu. Eykur öryggi að fækka tengingum inn á Suðurlandsveg.	Engar þekktar minjar fara undir veg.
Færsla vegar við Lyngás og Rauðalæk	Greiðari umferð skilar sér í styttri ferðatíma. Greiðari umferð styrkir atvinnulíf og ferðaþjónustu. Greiðari samgöngur styrkja byggð á svæðinu.	Gott landbúnaðarland fer undir veg við færslu vegarins.	Eykur öryggi íbúa að vegurinn flytjist frá Rauðalæk og Lyngási. Fækkar verulega tengingum inn á Suðurlandsveg. Hljóðvist íbúa við Rauðalæk og Lyngás batnar verulega.	Engar þekktar minjar fara undir veg. Huga þarf vel að útfærslu vegna hella við Ægissíðu.
Óbreytt staða	Vegir sem ekki svara kröfum draga úr áhuga einstaklinga til að setjast að og áhuga fyrirtækja til að setja sig þar niður.	Engin áhrif.	Lega Suðurlandsvegur um Rauðalæk og Lyngás er óásættanleg út frá öryggisþáttum.	Engin áhrif.



4.3.2 Samantekt / Niðurstaða

1. Suðurlandsvegur verður breikkaður í svonefndan 2+1 veg í gegn um sveitarfélagið. Samhliða því þarf að huga að æskilegum veltengingum inn á veginn.
2. Tilfærsla vegar út fyrir Lyngás og Rauðalæk.

STEFNUMÍÐ	GRUNNKERFI – Umhverfispættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningarminjar
Breikkun Suðurlandsvegur í 2 + 1 veg	+	-	+	?
Suðurlandsvegur verði færður suður fyrir Lyngás og Rauðalæk	+	-	+	?

Áætlað er að breikka veginn í núverandi vegstæði að mestu leyti. Þrátt fyrir það mun í einhverjum tilfellum gott landbúnaðarland fara undir veg. Auk þess mun fækkun veltenginga inn á Suðurlandsveg valda því að hliðarvegir breytast og þar mun væntanlega gott landbúnaðarland fara undir veg í einhverjum tilfellum. Breikkun Suðurlandsvegur mun hins vegar auka verulega öryggi vegfarenda og íbúa sem búa í næsta nágrenni. Auk þess sem greiðari samgöngur munu stytta ferðatíma og styrkja þannig byggð, atvinnulíf og ferðapjónustu í sveitarfélaginu og nágrenni.

Færsla vegar út fyrir byggðakjarnana á Lyngási og Rauðalæk mun auka umferðaröryggi. Vegurinn kæmi til með að liggja yfir gott landbúnaðarland og liggur nærri friðlýstum hellum við Ægissíðu. Þá mun Suðurlandsvegur stytta lítillega, eða um 3-400 m. Sveitarstjórn telur að skoða þurfi þessa útfærslu nánar ásamt því að skoða hvaða lagfæringar eru mögulegar á núverandi leið.

4.4 UMHVERFI

Fjallað er um flokka sem tengjast umhverfi og verndarsvæðum. Hér er fjallað um ár og vötn, óbyggð svæði, náttúruverndarsvæði, hverfisverndarsvæði m.a. vegna vatnsverndar, þjóðminja og svæði undir náttúruvá.

Það verður ekki um umtalsverðar breytingar að ræða frá gildandi aðalskipulagi.

4.5 BYGGÐAMYNSTUR – ÞÉTTBÝLI HELLU

Fjallað er um þá landnotkunarflokka sem snúa að þéttbýlinu á Hellu. Þar er lögð áhersla á heildstæða og miðlæga byggð sem verði með þungamiðu verslunar- og þjónustu í miðbæ þéttbýlis fyrir sveitarfélagið allt. Miðsvæðið á Hellu er við Suðurlandsvegin og Þrúðvang en íbúðarbyggðin hefur teygst í norður og austur frá því.

Ekki er um umtalsverðar breytingar að ræða frá gildandi skipulagi.



5 VIÐAUKAR

5.1 VIÐAUKI I – VIÐMIÐ OG TENGING SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Helstu umhverfisáhrif aðalskipulagsins eru metin gagnvart stefnu stjórnvalda á landsvísu um sjálfbæra þróun eins og hún hefur verið sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.“

Stefnumörkun um sjálfbæra þróun var samþykkt í ríkisstjórn árið 2002. Í ritinu Velferð til framtíðar (áherslur 2006-2009) kemur fram endurskoðuð stefnumörkun stjórnvalda og þar er markmiðum og leiðum að þeim lýst varðandi:

- I. Heilbriggt og öruggt umhverfi. Hreint og heilnæmt andrúmsloft og ferskvatn er ákaflega mikilvægt og því þurfi að vakta það með tilliti til mengunar. Örugg matvæli og umhverfi, án hættulegra efna og því eru upplýsingar um matvæli mikilvægar og notkun og losun hættulegra efna verði takmörkuð sem mest og vöktuð. Útivist verði í sátt við náttúruna og aðgengi almennings verði tryggt. Þá skulu varnir gegn náttúruvá stuðla að öruggri búsetu fólks.
- II. Vernd náttúru Íslands. Vernda þarf fjölbreytileika líf- og vistkerfa. Forðast ber að skerða enn frekar mikilvæg vistkerfi s.s. votlendi og birkiskóga en leitast við að endurheimta slík vistkerfi. Leitast verði við að varðveita fjölbreytileika jarðmyndana og minjar sem eru einstakar á lands- og/eða heimsvísu. Vinna skal að mati á verndargildi háhitasvæða og einstakra landslagsgerða ásamt því að tryggja að áfram verði stór samfelld víðerni á hálendi Íslands og nýting þeirra valdi sem minnstu raski.
- III. Sjálfbær nýting auðlinda. Tryggja skynsamlega nýtingu veiðistofna og einnig þeirra auðlinda sem felast í jarðvegi og gróðri. Samhliða verði unnið skipulega að landgræðslu í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar. Tryggt verði að uppbygging nytjaskógar verði til að efla byggð og atvinnu samhliða því að hún falli sem best að landslagi og vistkerfum Íslands. Endurnýjanlegar orkuauðlindir verði nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.
- IV. Hnattræn viðfangsefni. Losun mengandi efna í hafið verði stöðvuð og dregið verði úr losun mengandi efna út í andrúmsloftið samhliða því sem unnið verður að bindingu kolefnis. Áhersla er á að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis samhliða því að auka bindingu, m.a. með landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Þá verði tryggt líffræðileg fjölbreytni með verndun plantna og dýra samhliða verndum búsvæða þeirra.



Stefna Aðalskipulags Rangárpings ytra um samfélag og byggð		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Landbúnaðar-svæði (kafli 4.1)	Stefna skipulagsins um verndun lands til landbúnaðar styður viðmið um heilnæm og örugg matvæli.	Stefna aðalskipulags styður við verndun náttúru Íslands þar sem forðast ber að raska svæðum sem skerða votlendi eða mikilvægum búsvæðum.	Stefna skipulagsins styður viðmið um sjálfbæra nýtingu þar sem gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu þarfnast minni áburðar- og aukæfna við matvælaframleiðslu.	Stefna aðalskipulags styður við stefnu landsins um bindingu kolefnis í jarðvegi og skógi.	
Íbúðabyggð (kafli 4.2)	Stefna skipulagsins styður viðmið um heilnæmt og öruggt umhverfi þar sem aðgengi að útivist er tryggt með nýrri íbúðarbyggð og hún skipulögð m.t.t. náttúruvár.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúru Íslands þar sem við skipulagningu íbúðarbyggðar sé horft til þess að mikilvæg vistkerfi verði ekki skert.	Á ekki við.	Með þéttingu byggðar og þar með styttingu vegalengda er stutt við viðmið um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og samnýtingu lagna og veitna sem nú þegar eru til staðar.	
Frístundabyggð (kafli 4.3)	Stefna skipulagsins styður viðmið um heilnæmt og öruggt umhverfi þar sem aðgengi að útivist er tryggt með nýrri íbúðarbyggð og hún skipulögð m.t.t. náttúruvár	Stefna aðalskipulags um frístundabyggð styður viðmið um verndun náttúru Íslands þar sem við skipulagningu íbúðarbyggðar sé horft til þess að mikilvæg vistkerfi verði ekki skert.	Á ekki við.	Með aukinni frístundabyggð fylgir aukin skógrækt. Með þeim skilyrðum að með skógrækt og frístundabyggð gangi ekki á mikilvæg búsvæði eða vistkerfi þá styðja markmið aðalskipulags viðmið um bindingu kolefnis og að líffræðileg fjölbreytni verði tryggt.	
Þjónustustofnanir (kafli 4.5)	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	
Opin svæði til sérstakra nota (kafli 4.10)	Stefna skipulagsins styður viðmið um heilnæmt og öruggt umhverfi þar sem aðgengi almennings og útivist er tryggt.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúru Íslands m.a. með skipulagi svæða til útivistar.	Með skipulagi og verndun svæða til útivistar styður stefna aðalskipulags viðmið til sjálfbærrar nýtingar á náttúruauðlindinni.	Með auknu framboði af útivistarmöguleikum er stutt við nýtingu þeirra gæða sem felast í heilsusamlegum lífsmáta og eykur þannig áhuga einstaklinga á viðhaldi lítt mengaðrar náttúru.	



Stefna Aðalskipulags Rangárpings ytra um atvinnu		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
	Iðnaðarsvæði (kaflar 4.4 og 11.2)	Stefna skipulagsins styður viðmið um öruggt umhverfi að því leyti að gert er ráð fyrir orkunýtingu í nágrenni uppruna og einungis léttum og lítt mengandi iðnaði sem styrkir atvinnu og samfélag á svæðinu.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúru Íslands þar sem nýting orku í héraði dregur úr þörf á orkuflutningum og þar með nýjum línulögnum.	Stefna aðalskipulags styður við sjálfbæra orkunýtingu með nýtingu vatnsorku og raforku.	Stefna aðalskipulags miðar að því að nýta sjálfbæra orku sem dregur úr notkun jarðefnaorku sem þá dregur úr losun mengandi efna út í andrúmsloftið.
	Verslunar- og þjónustusvæði (kaflar 4.6 og 11.3)	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.
	Sorpförgunarsvæði (kaflar 4.7)	Stefna skipulagsins styður viðmið um hreint og öruggt umhverfi.	Á ekki við.	Á ekki við.	Stefna skipulags styður viðmið um að draga úr losun mengandi efna, sérstaklega varðandi mengun í jarðvegi.
	Efnistökusvæði (kaflar 4.8 og 11.5)	Stefna aðalskipulags um fleiri efnistökusvæði styður viðmið um að styttri akstur með efni.	Stefna skipulagsins um að hafa ekki efnistöku á verndarsvæðum styður við verndun náttúrunnar.	Á ekki við.	Á ekki við.



Stefna Aðalskipulags Rangárpings ytra um grunnkerfi		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Vegir (kaflí 5.1 og 12.1)	Stefna skipulagsins um breytingar á Suðurlandsvegi og öðrum leiðum styður viðmið um aukið öryggi og greiðari samgöngur.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun þar sem forðast ber að skerða minjar, verndarsvæði eða viðkvæm vistkerfi.	Á ekki við.	Stefnt er að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, m.a. með því að efla almenningsamgöngur.	
Flugvellir (kaflí 5.2 og 12.2)	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	
Reiðleiðir (kaflí 5.3 og 12.4)	Stefna skipulagsins styður viðmið um öruggar reiðleiðir til að stunda útivist og bætur aðstöðu til fríunda og útivistar.	Gott aðgengi og skipulagðar göngu- og reiðleiðir tryggir betri umgengi og betri nýtingu náttúruauðlindarinnar.	Gott aðgengi og skipulagðar göngu- og reiðleiðir tryggir betri umgengi og betri nýtingu náttúruauðlindarinnar.	Gott aðgengi og skipulagðar göngu- og reiðleiðir tryggir betri umgengi og betri nýtingu náttúruauðlindarinnar.	
Göngu- og hjólaeiðir (kaflí 5.4 og 12.3)	Stefna skipulagsins styður viðmið um öruggar leiðir til að stunda útivist og bætur aðstöðu til fríunda.	Gott aðgengi og skipulagðar göngu- og reiðleiðir tryggir betri umgengi og betri nýtingu náttúruauðlindarinnar.	Gott aðgengi og skipulagðar göngu- og reiðleiðir tryggir betri umgengi og betri nýtingu náttúruauðlindarinnar.	Gott aðgengi og skipulagðar göngu- og reiðleiðir tryggir betri umgengi og betri nýtingu náttúruauðlindarinnar.	
Vatnsveita (kaflí 6.1)	Stefna skipulagsins styður viðmið um hreint og öruggt neysluvatn.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun þar sem forðast ber að skerða minjar, vatnsverndarsvæði eða viðkvæm vistkerfi.	Stefna skipulags styður viðmið um sjálfæra nýtingu og verndun vatnsauðlindarinnar.	Stefna skipulags styður viðmið um sjálfæra nýtingu og verndun vatnsauðlindarinnar.	
Fráveita (kaflí 6.2)	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun gegn mengun grunnvatns og jarðvegs.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun gegn mengun grunnvatns og jarðvegs.	Á ekki við.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun gegn mengun grunnvatns og jarðvegs.	
Rafveita (kaflar 6.3 og 13.1)	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	
Hitaveita (kaflí 6.4)	Stefna skipulagsins styður viðmið um heilnæmt og öruggt umhverfi.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun þar sem forðast ber að skerða minjar, vatnsverndarsvæði eða viðkvæm vistkerfi.	Stefna skipulags styður viðmið um sjálfæra nýtingu og verndun heitavatsauðlindarinnar.	Stefna skipulags styður viðmið um sjálfæra nýtingu og verndun heitavatsauðlindarinnar.	



Stefna Aðalskipulags Rangárbings ytra um umhverfi		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Óbyggð svæði (kaflar 4.9 og 11.1)	Stefna skipulagsins styður viðmið um öruggara umhverfi m.a. með endurheimt gróðurs og jarðvegs til að stöðva vikur og sandfok auk bættrar vatnsmiðlunar.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúru m.a. með endurheimt gróður- og jarðvegs-auðlindarinnar.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um uppgræðslu lands og skógrækt m.a. til að endurheimta jarðvegs- og gróðuruauðlindina.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um uppgræðslu lands og skógrækt m.a. til að binda kolefni í jarðvegi og gróðri.	
Þjóðminjaverndarsvæði (kafla 7.1)	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	
Vatnsverndarsvæði (kafla 7.2)	Stefna skipulagsins styður viðmið um vatnsverndarsvæði.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun þar sem forðast ber að skerða minjar, vatnsverndarsvæði eða viðkvæm vistkerfi.	Stefna skipulags styður viðmið um sjálfbæra nýtingu og verndun vatns-auðlindarinnar.	Stefna skipulags styður viðmið um sjálfbæra nýtingu og verndun vatns-auðlindarinnar.	
Náttúruverndarsvæði (kaflar 7.4 og 14.1) Hverfisverndarsvæði (kaflar 7.5 og 14.2)	Stefna skipulagsins styður viðmið um útivist í sátt við umhverfið.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúrunnar m.a. með bættu skipulagi.	Með skipulagi og verndun svæða til útivistar styður stefna aðalskipulags viðmið til sjálfbærar nýtingar á náttúruauðlindinni.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og verndun vistkerfa.	
Svæði undir náttúruvá (kafla 7.6)	Stefna aðalskipulags styður viðmið um öruggt umhverfi m.a. með upplýsingastreymi til íbúa og viðbragðsáætlunum.	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.	



Stefna Aðalskipulags Rangárpings ytra um byggðamynstur/þéttbýli á Hellu		Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“			
		Heilnæmt og öruggt umhverfi	Verndun náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
	Miðsvæði (kafli 8.1)	Stefna skipulagsins styður viðmið um heilnæmt og öruggt umhverfi um forgang gangandi umferðar innan miðsvæðis.	Á ekki við.	Á ekki við.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis m.a. með að öll þjónusta sé í göngufæri.
	Íbúðasvæði (kafli 8.2)	Stefna skipulagsins styður viðmið um öruggt umhverfi með góðum gönguleiðum innan þéttbýlis og stígum til útivistar og gönguferða.	Á ekki við.	Á ekki við.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis m.a. með að hafa alla þjónustu í göngufæri.
	Iðnaðar- og athafnasvæði (kafli 8.3-8.4)	Stefna skipulagsins styður viðmið um heilnæmt og öruggt umhverfi með góðum umhverfisaðstæðum fyrir matvælaíðnað	Á ekki við.	Á ekki við.	Á ekki við.
	Samgöngur (kafli 9.0)	Stefna skipulagsins styður viðmið með áherslu á góðar göngu og hjólaleiðir og reiðleiða utan helstu umferðaaæða.	Á ekki við.	Á ekki við.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis m.a. með áherslu á að leiðir að þjónustu séu stuttar og öruggar.



5.2 VIÐAUKI II - VIRKJANIR Í NEÐRI HLUTA ÞJÓRSÁR

Núpsvirkjun, Hvamms- og Holtavirkjun

Þann 25. apríl 2003 var Skipulagsstofnun afhent til úrskurðar skýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna virkjunar Þjósár við Núp. Í skýrslunni voru lagðar fram tvær jafngildar tillögur að virkjun þessa hluta Þjósár.

Annars vegar er virkjun 56 m falls í einni virkjun, Núpsvirkjun og hins vegar virkjun samtals 50–52 m falls í tveimur virkjunum, Hvammsvirkjun (32–34 m fall) og Holtavirkjun (18 m fall). Landsvirkjun hefur nú fallið frá virkjun í einu þrepi og fyrirhugar að reisa Hvammsvirkjun og Holtavirkjun.

Hvammsvirkjun:

Hvammsvirkjun verður u.þ.b. 80 MW og orkugeta allt að 630 GWst/ári. Inntakslón Hvammsvirkjunar, Hagalón, verður myndað með stíflu í Þjósá ofan við Minnanúpshólma og stíflugörðum á austurbakka árinna. Yfirborð lönsins verður í 116 m hæð og stærð þess verður um 4,6 km². Lónið mun teygja sig um 6 km upp eftir farvegi árinna. Stöðvarhús verður staðsett nærri norðurenda Skarðsfjalls í Landsveit í landi Hvamms og verður það að mestu leyti neðanjarðar. Frá inntaksmannvirkjum við Hagalón liggja um 400 m löng aðrennslisgöng að virkjuninni. Frá virkjun fellur vatnið um jarðgöng og síðar opinn skurð til Þjósár við Ólmóðsey, samtals um 2,7 km leið. Skurðurinn verður um 1.500 m langur, mest um 20 m djúpur ofan vatnsborðs og um 45 m breiður með fláum.

Holtavirkjun:

Holtavirkjun verður u.þ.b. 50 MW og orkugeta allt að 390 GWst/ári. Inntakslón Holtavirkjunar, Árneshól, verður myndað með stíflu í Árneshól skammt neðan við bæinn Akbraut í Holtum og stíflugörðum í Árneshól. Yfirborð lönsins verður í 72 m hæð og verður flatarmál þess um 4,7 km². Lónið mun ná upp eftir mestum hluta Árneshóls og jafnframt teygja sig suður undir Hjallanes. Veitumannvirki verða byggð við Búðafoss ofan við Árnes og þar verður stærstum hluta Þjósár veitt í Árneshól. Virkjunin verður staðsett skammt ofan við stífluna við Akbraut, og frá henni mun liggja um 2,5 km langur frárennslisskurður að mestu leyti grafinn í farveg kvíslar í Þjósá.

Virkjanirnar verða tengdar raforkukerfi landsins um Búrfellslínu 1 sem liggur um virkjunarsvæðið. Virkjanirnar munu nýta veitur og miðlanir Þjósár og Tungnaár, en ekki er gert ráð fyrir sérstökum framkvæmdum til aukinnar miðlunar á vatni.

Hér er vikið að helstu umhverfisáhrifum sem framkvæmdir við Holta- og Hvammsvirkjanir eru taldar hafa í för með sér.

Sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif framkvæmdanna verða töluverð. Tvö manngerð stöðuvötn munu líta dagsins ljós, í og við farveg Þjósár. Jafnframt mun rennsli um farveg Þjósár minnka talsvert á allöngum köflum, einkum að vetrarlagi. Lágmarksrennsli framhjá virkjun verður 10-15 m³/s en á sumrin mun þetta rennsli að jafnaði nema 50-100 m³/s. Mannvirkin munu setja nokkurn svip á umhverfið, einkum stíflur, inntaksmannvirki og stöðvarhús.

Vatnalíf

Virkjun í þessum hluta Þjósár mun hafa nokkur áhrif á lífríki árinna, sérstaklega þar sem rennsli í farveginum minnkar. Talið er að með tryggingu lágmarksrennslis sem nemur 10-15 m³/s verði unnt að tryggja viðgang lífríkisins og að bygging fiskstiga í stíflu við Núp muni viðhalda aðgengi laxfiska að nýfengnum hrygningarsvæðum fyrir ofan fiskstigann við Búðafoss.



Fuglalíf

Um 200 fuglapör munu tapa varplöndum sínum undir Hagalón og um 400 pör til við viðbótar munu tapa varplöndum sínum undir Árneslón.

Gróður

Undir Hagalón hverfa 1,74 km² af grónu landi og um 3,4 km² undir Árneslón. Undir Hagalón hverfa um 0,06 km² af votlendi og um 1,36 km² votlendis hverfa undir Árneslón. Engar sjaldgæfar plöntutegundir eru taldar í hættu.

Landnýting

Helstu breytingar á landnotkun tengjast inntakslóni eða -lönnum þar sem tún og beitilönd munu hverfa undir vatn. Ræktað land sem spillist vegna framkvæmda verður bætt með öðru sambærilegu ræktuðu landi þar sem slíkt er mögulegt. Nokkur tíma-bundin breyting verður á landnotkun við meginframkvæmdasvæðin og á þeim stöðum þar sem uppgreftri og öðrum jarðefnum verður komið fyrir.

Strandrof við lón

Komið verður í veg fyrir strandrof við fyrirhugað lón með fyrirbyggjandi aðgerðum eins og kostur er og fylgst verður með ströndinni fyrstu árin eftir að framkvæmdum lýkur. Jafnframt verður komið í veg fyrir fok úr þurrum farvegi Þjórsár með uppgræðslu aðgerðum eins og kostur er.

Jarðefni

Jarðefnum, sem falla til við framkvæmdir og ekki verða nýtt, verður komið fyrir í landinu og svæðin síðan grædd upp. Landið verður mótað til samræmis við núverandi landslag eins og kostur er og mun með tímanum verða hluti þess. Öll jarðefni vegna framkvæmdanna verða unnin í næsta nágrenni virkjunar. Efni sem fellur til við jarðgangagerð og aðra jarðvinnu mun einnig nýtast.

Grunnvatn

Eftir myndun Hagalóns gæti rennsli aukist í lindum við Skarð og Fellsmúla í Landsveit án þess þó að vatnsgæði breytist. Þá er gert ráð fyrir að frárennisskurður Hvammsvirkjunar geti haft áhrif á lindarennisli við Nautavað og hugsanlega lækkað vatnsborð í heitavatnsholu við Hvamm.

Aurburður og ís

Aur sem berst niður Þjórsá mun safnast fyrir í Hagalóni. Engar kerfisbundnar mælingar á aurburði hafa verið gerðar á svæðinu en áætlað er að 0,1 GI (100.000 m³) af framburði setjist til í lóninu á ári. Unnt verður að koma 13–14 GI af framburði fyrir á bökkum Hagalóns, en það rými, ásamt hálfu rúmmáli lónsins, endist í rúmlega 200 ár miðað við ofangreint. Unnt verður að grípa til frekari mótvægisáðgerða sem miða að því að draga úr framburði Þjórsár ofan við Hagalón. Ekki eru taldar líkur á að ís- og krapastiflur valdi erfiðleikum við virkjanir við Núp með lónhæð í 116 m.

Náttúruvernd

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er hvorki á náttúruminjaskrá né friðlýst. Af landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar munu tveir fossar, Búðafoss í Þjórsá og Hestafoss í Árneskvísl, skerðast verulega eða hverfa.

Búðafoss í Þjórsá

Sérstæðar gróðurminjar í Minnanúpshólma (Viðey) í Þjórsá eru ekki taldar í hættu, en um 0,06 km² af votlendi munu hverfa undir Hagalón og um 0,80 km² hverfa undir Árneslón. Þessu votlendi hefur að stórum hluta verið raskað með framræslu. Hluti



Þjósárhrauns mun hverfa undir lón og mannvirki en áhrif á verndargildi þess eru talin óveruleg. Heitar lindir í Lækjarey munu hverfa undir Árneshlón.

Fornminjar

Nokkuð af fornminjum mun hverfa undir lón eða raskast við framkvæmdir. Við því verður brugðist með viðeigandi aðgerðum, t.d. nánari skráningu eða uppgreiftri eftir atvikum skv. ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins.

Ferðamennska

Virkjunarframkvæmdirnar munu ekki hafa veruleg áhrif á ferðamennsku. Líkur eru þó á að umferð um svæðið aukist ef brú á stíflu við Núp verður nýtt í þjóðvegakerfinu.

Hættur

Sú náttúruvá sem stöðjar að virkjunum í Þjósá við Núp er ekki talin meiri en fyrir virkjanir ofar á vatnasviði Þjósár og Tungnaár nema hvað varðar hættu af jarðskjálftum. Meginhættan sem fylgir byggingu vatnsaflsvirkjana innan Suðurlands-skjálftabeltisins er fólgin í hættu á stíflubroti í jarðskjálfta. Við Hagalón og Árneshlón hefur verið könnuð hættu á stíflubroti og hugsanlegar afleiðingar fyrir nærliggjandi byggðir og mannvirki. Flóð sem yrði við stíflubrot í jarðskjálfta er talið nema að hámarki 1000-1500 m³/s umfram rennsli árinna. Bresti stíflur við Hagalón eða Árneshlón þarf að tryggja að flóðvatnið berist sem fyrst til Þjósár. Að öðru leyti er talið að flóð vegna stíflubrots muni vart valda stærra flóði en vænta má á 10-20 ára fresti. Stíflubrot mun því ekki valda hættu fyrir nærliggjandi byggð og einungis valda tímabundnu flóði í meginfarvegi árinna.

ÚRSKURÐUR VEGNA UMHVERFISMATS

Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð vegna mats á umhverfisáhrifum virkjunar Þjósár við Núp þann 19. ágúst 2003. Niðurstaða stofnunarinnar er sú að fallist er á fyrirhugaðar framkvæmdir m.v. þær tillögur sem lagðar eru fram í matsskýrslu, ásamt breytingu á Búrfellslínu 1, með eftirtöldum skilyrðum:

1. Framkvæmdaraðili endurheimti votlendi á Suðurlandi sem er a.m.k. til jafns að flatarmáli og það votlendi sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi landeigendur og sveitarstjórnir. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um endurheimt votlendisins undir Umhverfisstofnun.
2. Framkvæmdaraðili fyrirbyggji fok á sand- og aurasvæðum sem þorna við framkvæmdirnar með aðgerðum í samráði við Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun.
3. Framkvæmdaraðili vakti öldurof og eyðingu gróðurs á ströndum lóna í 10 ár eftir að þau verða tekin í notkun og hafi samráð við sveitarstjórnir, Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins um mótvægisáðgerðir verði þeirra þörf. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um vöktun undir Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins.
4. Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknnum um grunnástand lífríkis í Þjósá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjósár og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Í ljósi niðurstaðna þessara rannsókna þarf framkvæmdaraðili að útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar. Að loknum framkvæmdum þarf framkvæmdaraðili að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram koma í sérfræðiskýrslunni og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Vöktun þarf að standa yfir í a.m.k. 10 ár frá því að starfsemi virkjananna hefst. Viðbótarrannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun þarf að vinna í samráði við og bera undir veiðimálastjóra.



5. Framkvæmdaraðili fari að tillögum Fornleifaverndar ríkisins að mótvægisáðgerðum vegna áhrifa á hvern og einn fundarstað fornleifa sem raktar eru í kafla 4.2 í þessum úrskurði. Framkvæmdaraðili þarf að standa fyrir könnun á fornleifum á áhrifasvæði vega, slóða, vinnubúða og háspennulínu áður en framkvæmdir hefjast í samráði við Fornleifavernd ríkisins og fara að þeim tillögum að mótvægisáðgerðum sem stofnunin kann að gera vegna áhrifa á fornleifar á þessum svæðum.

Með bréfi dags. 24. september 2003 kærði Sigbrúður Jónsdóttir, Tröð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, úrskurð Skipulagsstofnunar frá 19. ágúst 2003, um mat á umhverfisáhrifum allt að 150 MW virkjunar Þjórsár við Núp auk breytingar á Búrfellslínu 1.

Þann 27. apríl 2004 var birtur í umhverfissráðuneytinu úrskurður um virkjun Þjórsár við Núp en ein kæra barst vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar. Að mati ráðuneytisins er umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar vel lýst í matsskýrslu og ekkert komið fram sem bendir til þess að framkvæmdir fari í bága við lög, reglur eða alþjóðasamninga. Ráðuneytið telur að fyrirhugaðar framkvæmdir, að teknu tilliti til skilyrða, muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum. Niðurstaða ráðuneytisins var því að staðfesta úrskurð Skipulagsstofnunar:

Úrskurður Skipulagsstofnunar frá 19. ágúst 2003 er staðfestur með eftirfarandi breytingum:

1. Skilyrði 3 í úrskurði Skipulagsstofnunar orðast svo:

Framkvæmdaraðili vakti öldurof og eyðingu gróðurs á ströndum lóna á meðan virkjunin er starfrækt og hafi samráð við sveitarstjórnir, Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins um mótvægisáðgerðir verði þeirra þörf. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um vöktun undir Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins.

2. Við bætist nýtt skilyrði sem verður skilyrði nr. 6 svohljóðandi:

Samhliða hönnun virkjunarinnar, skal framkvæmdaraðili láta gera áhættumat fyrir virkjunina þar sem sýnt er fram á að árleg staðaráhætta fólks á svæðinu eftir byggingu mannvirkjana verði ekki meiri en talin er ásættanleg vegna ofanflóða.

3. Við bætist nýtt skilyrði sem verður skilyrði nr. 7 svohljóðandi:

Framkvæmdaraðili girði af farveg árinna á báðum bökkum hennar eftir þörfum og setji upp aðvörunarskilti á viðeigandi stöðum til að draga úr hættu vegna skyndilegrar rennslisaukningar. Jafnframt skal framkvæmdaraðili setja upp aðvörunarbúnað sem gefur til kynna með hljóðmerki slíka hreyfingu á loku stíflunnar.



Urriðafoss – Úrskurðir vegna mats á umhverfisáhrifum

Þann 25. apríl 2003 var Skipulagsstofnun afhent til úrskurðar skýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna Urriðafossvirkjunar í Þjórsá.

Virkjun við Urriðafoss verður u.þ.b. 125 MW og orkugeta virkjunarinnar allt að 930 GWst/ári. Inntakslón virkjunarinnar, Heiðarlón, verður myndað með stíflu í Þjórsá við Heiðartanga og stíflugörðum upp eftir vesturbakka árinna. Yfirborð lónsins verður í 51 m hæð og flatarmál þess verður um 12,5 km². Heiðarlón mun teygja sig um 11 km upp eftir farvegi Þjórsár eða á móts við Brautarholt á Skeiðum.

Inntaksmannvirki verða í Heiðartanga og stöðvarhús neðanjarðar nærri Þjórsártúni. Frá stöðvarhúsinu liggja um 3 km löng frárennslisgöng sem opnast út í Þjórsá neðan við Urriðafoss.

Virkjunin verður tengd raforkukerfi landsins um Búrfellslínu 2 sem liggur í næsta nágrenni við fyrirhugaða virkjun. Virkjunin mun nýta veitur og miðlanir Þjórsár og Tungnaár, en ekki er gert ráð fyrir sérstökum framkvæmdum til aukinnar miðlunar á vatni.

Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar í Þjórsá þann 19. ágúst 2003. Niðurstaða stofnunarinnar er sú að fallist er á fyrirhugaða Urriðafossvirkjun m.v. lónhæðir í 50 og 51 m y.s., ásamt breytingu á Búrfellslínu 2, með eftirtöldum skilyrðum:

1. Framkvæmdaraðili endurheimti votlendi á Suðurlandi sem er a.m.k. til jafns að flatarmáli og það votlendi sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi landeigendur og sveitarstjórnir. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um endurheimt votlendisins undir Umhverfisstofnun.
2. Framkvæmdaraðili græði upp öll haugsvæði vegna breytinga á farvegi ofan lóns og móti land á haugsvæðum í samráði Umhverfisstofnunar og Landgræðslu ríkisins. Ennfremur vakti framkvæmdaraðili fyrirhuguð haugsvæði árlegs uppdælingarefnis með tilliti til fokhættu og grípi til mótvægisáðgerða til að hindra fok frá haugsetningarsvæðum. Bera þarf vöktunaráætlun undir Landgræðslu ríkisins.
3. Framkvæmdaraðili vakti öldurof og eyðingu gróðurs á ströndum lóns í 10 ár eftir að það verður tekið í notkun og hafi samráð við sveitarstjórnir, Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun um mótvægisáðgerðir verði þeirra þörf. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um vöktun undir Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins.
4. Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknnum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Í ljósi niðurstaðna þessara rannsókna þarf framkvæmdaraðili að útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrirnefndri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar. Að loknum framkvæmdum þarf framkvæmdaraðili að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram koma í sérfræðiskýrslunni og koma fram í kafla 4.3.3 þessa úrskurðar. Vöktun þarf að standa yfir í a.m.k. 10 ár frá því að starfsemi virkjunar hefist. Viðbótarrannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun verði unnin í samráði við og borin undir veiðimálastjóra.



5. Framkvæmdaraðili fari að tillögum Fornleifaverndar ríkisins að mótvægisáðgerðum vegna áhrifa á hvern og einn fundarstað fornleifa sem raktar eru í kafla 4.2 í þessum úrskurði.

Úrskurður skipulagsstofnunar var kærður til Umhverfisráðherra:

Þann 27. apríl 2004 var birtur úrskurður frá umhverfisráðuneytinu um Urriðafossvirkjun og breytingu á Búrfellslínu 2. Mat ráðuneytisins er að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem fram koma í úrskurði Skipulagsstofnunar ásamt viðbótar skilyrðum ráðuneytisins. Niðurstaða ráðuneytisins er því sú að staðfesta úrskurð Skipulagsstofnunar.

Ráðuneytinu bárust stjórnáskýrslur Félags sumarbústaðaeigenda Lónsholti, dags. 24. september 2003, Kjartans Ágústssonar, eiganda Löngumýrar á Skeiðum, dags. 23. september 2003, Jörundar Gaukssonar, f.h. eigenda jarðarinnar Herriðarhóls, dags. 23. september 2003, ferðamálafulltrúa Villingaholtshrepps, dags. 21. september 2003 og Valgarðs Briem, hrl. f.h. Marteins Winkler, Dvergabakka í Ásahreppi vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 19. september 2003 um mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar í Þjórsá allt að 150 MW og breytingu á Búrfellslínu 2.

Í hinum kærða úrskurði var fallist á fyrirhugaða framkvæmd miðað við lónshæðir í 50 metra og 51 metra hæð yfir sjávarmáli ásamt breytingu á Búrfellslínu 2 með eftirtöldum skilyrðum:

„1. Framkvæmdaraðili endurheimti votlendi á Suðurlandi sem er a.m.k. til jafns að flatarmáli og það votlendi sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi landeigendur og sveitarstjórnir. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um endurheimt votlendisins undir Umhverfisstofnun.

2. Framkvæmdaraðili græði upp öll haugsvæði vegna breytinga á farvegi ofan lóns og móti land á haugsvæðum í samráði við Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins. Ennfremur vakti framkvæmdaraðili fyrirhuguð haugsvæði árlegs uppðælingarefnis með tilliti til fókhattu og grípi til mótvægisáðgerða til að hindra fok frá haugsetningarsvæðum. Bera þarf vöktunaráætlun undir Landgræðslu ríkisins.

3. Framkvæmdaraðili vakti öldurof og eyðingu gróðurs á ströndum lóns í 10 ár eftir að það verður tekið í notkun og hafi samráð við sveitarstjórnir, Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun um mótvægisáðgerðir verði þeirra þörf. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um vöktun undir Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins.

4. Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarránsóknum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Í ljósi niðurstaðna þessara rannsókna þarf framkvæmdaraðili að útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar. Að loknum framkvæmdum þarf framkvæmdaraðili að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram koma í sérfræðiskýrslunni og koma fram í kafla 4.3.3 þessa úrskurðar. Vöktun þarf að standa yfir í a.m.k. 10 ár frá því að starfsemi virkjunar hefst. Viðbótarránsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun verði unnin í samráði við og borin undir veiðimálastjóra.

5. Framkvæmdaraðili fari að tillögum Fornleifaverndar ríkisins að mótvægisáðgerðum vegna áhrifa á hvern og einn fundarstað fornleifa sem raktar eru í kafla 4.2 í þessum úrskurði."



Viðbótarskýrði sem umhverfisráðuneytið setti í úrskurði sínum þann 27. apríl eru eftirfarandi:

1. Skilyrði 3 í úrskurði Skipulagsstofnunar breytist þannig að vakta skal öldurof og eyðingu gróðurs við strendur lóna á meðan virkjunin er starfrækt.
2. Áður en framkvæmdir hefjast skal rannsaka útbreiðslu á greppmosa ofan og neðan við áhrifasvæði virkjunarinnar.
3. Verði vart kólnunar í laug í landi Herríðarhóls skal borhola við laugina fóðruð niður á berg og jarðvegur umhverfis laugina þéttur.
4. Samhliða hönnun virkjunarinnar skal gera áhættumat fyrir virkjunina þar sem sýnt er fram á að árleg staðaráhætta fólks á svæðinu eftir byggingu mannvirkjanna verði ekki meiri en talin er ásættanleg vegna ofanflóða.
5. Farvegur árinna verði girtur á báðum bökkum eftir þörfum og sett upp aðvörunarskilti á viðeigandi stöðum til að draga úr hættu vegna skyndilegrar rennslisaukningar og jafnframt skal settur upp búnaður sem gefur frá sér hljóðmerki þegar lokur eru hreyfðar.



5.3 VIÐAUKI III – SORPSTÖÐ Á STRÖND

Frummatsskýrsla um sorpstöð á Strönd var unnin árið 2006 og auglýst þann 14. júlí það ár. Skipulagsstofnun veitti álit sitt þann 18. janúar 2007.

ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 4. júlí 2006 sendi Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. frummatsskýrslu um stækkun móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðis að Strönd í Rangárpings ytra til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Framkvæmdin og frummatsskýrsla voru auglýst opinberlega þann 14. júlí 2006 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Búkollu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 14. júlí til 25. ágúst 2006 á Skrifstofu Rangárpings ytra, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.honnun.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Rangárpings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til framkvæmdaraðila. Engin athugasemd barst Skipulagsstofnun á kynningartíma. Þann 14. desember 2006 sendi Sorpstöð Rangárvallasýslu matsskýrslu um stækkun móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðis að Strönd í Rangárpings ytra til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Við undirbúning tillögu að matsáætlun var farið á vettvang á fyrirhugað framkvæmdasvæði.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum sem bárust á kynningartíma og afstöðu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. til þeirra. Í samræmi við það sem að framan greinir er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sýnt hafi verið fram á nauðsyn stækkunar og breytingar á móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu í landi Strandar í Rangárpings ytra. Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Sorpstöðvar Rangárvallasýslu hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif starfseminnar á umhverfið sé alfarið háð verklagi og vinnubrögðum á rekstartíma athafnasvæðisins. Skipulagsstofnun telur að þar sem athafnasvæðið er alllangt frá bæjum, frístundabyggð og þjóðvegi verði sjónræn áhrif starfseminnar staðbundin og óveruleg og einkum bundin við rekstartíma svæðisins. Jafnframt telur stofnunin að með skipulögðum vinnubrögðum við móttöku og urðun, líkt og greint er frá í matsskýrslu, sé ólíklegt að nágrennar og vegfarendur verði fyrir ónæði vegna foks frá urðunarsvæðinu.

Skipulagsstofnun telur að brýnt sé að þannig verði staðið að verki að ekki sé hætt á mengun jarðvegs og vatns í nágrenni svæðisins. Minnt er á að athafnasvæðið er í hallalitu landi með gljúpum og vel vatnsleiðandi jarðlögum á yfirborði. Til þess að koma í veg fyrir mengun þarf móttaka og tímabundin söfnun spilliefna að vera með þeim hætti að þau geti ekki borist í jarðveg eða vatn. Skipulagsstofnun vill í því sambandi benda á að í tillögu að starfsleyfi er ekki gerð krafa um að byggt sé yfir rými sem ætlað er fyrir tímabundna söfnun spilliefna eða a.m.k. að þau séu geymd í vökvaheldum kerjum, úr þessu þarf að bæta. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að ómeðhöndlaður blautur sláturúrgangur verði ekki urðaður á svæðinu og að fylgst verði með mengun grunnvatns líkt og fyrirhugað er í vöktunaráætlun í tillögu að starfsleyfi. Þrátt fyrir að Sorpstöð Rangárvallasýslu hafi greint frá umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og afstöðu sinni til umsagna á fullnægjandi hátt telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að setja skilyrði um að tímabundin geymsla spilliefna sé með þeim hætti að þau geti hvorki borist í jarðveg né vatn. Þannig telur Skipulagsstofnun að unnt sé að draga úr hættu á mengun jarðvegs og vatns. Skipulagsstofnun telur að



fyrirhuguð stækkun á móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu í landi Strandar eins og hún er kynnt í matskýrslu sé ásættanleg og muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum.

Skipulagsstofnun leggur til að við framkvæmdaleyfisveitingu verði sett eftirfarandi skilyrði:

1. Sorpstöð Rangárvallasýslu þarf að tryggja að tímabundin geymsla spilliefna sé á vökvaheldu undirlagi.